



Viðmiðunarreglur EBA um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja

Kynning fyrir fjármálafyrirtæki 17. október 2018

Berglind Helga Jónsdóttir, lögfræðingur

Hrafnhildur S Mooney, sérfræðingur í stjórnarháttum



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti
fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2017/11)

Sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA og ESMA um mat á
hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna
fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2017/12)



Viðmiðunarreglur EBA

- Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) gefur út viðmiðunarreglur sem varða starfsemi fjármálafyrirtækja og tengjast CRD IV regluverkinu.
- Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu löggjafar um fjármálaþjónustu inn EES.
- Viðmiðunarreglurnar um innri stjórnarhætti og mat á hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipana og reglugerða (CRDIV/CRR) sem innleiddar hafa verið hér á landi, meðal annars með lögum nr. 57/2015 og laga nr. 96/2016, um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki svo og setningu reglugerðar nr. 233/2017, um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.
- Með samþykkt laga nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESA's reglugerðir gildi hér á landi, sem koma á fót evrópsku eftirlitsstofnunum EBA EIOPA og ESMA.
 - „Lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skulu leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.“
 - (3. mgr. 16. gr. reglugerðar ESB nr. 1093-1095/2010 um EBA, EIOPA og ESMA).



Viðmiðunarreglur EBA

- Fjármálaeftirlitið birtir á heimasíðu sinni slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglna EBA, ásamt dreifibréfi sem sent hefur verið til fjármálafyrirtækja þar sem þær eru kynntar.
 - <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/ees-vidmidunarreglur/eba/>
- Dreifibréf sent 28. maí 2018 þar sem efni viðmiðunarreglna EBA um stjórnarhætti var kynnt.
- **Viðmiðunarreglurnar tóku gildi 30. júní 2018**
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2016 um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtæki falla úr gildi
- Ný leiðbeinandi tilmæli ekki gefin út, nema sérstakt tilefni þyki til.

Grundvöllur viðmiðunarreglna um stjórnarhætti

- Viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti og mat á hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja útfæra og skýra nánar hvað felst í ákvæðum 52. gr., 52. gr. a, 54. gr., 54. gr. a og 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- Við mat á því hvort fjármálafyrirtæki uppfylli kröfur og skilyrði ákvæðanna mun Fjármálaeftirlitið styðjast við viðmiðunarreglurnar.
 - Hið sama á við um kröfur og skilyrði sem sett eru fram í stjórnvaldsfyrirmælum með stoð í þeim, t.a.m. reglum nr. 150/2017 um framkvæmds hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja
- Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja að kynna sér viðmiðunarreglur EBA og ESMA á heimasíðu stofnunarinnar og taka mið af þeim í starfsemi sinni.
- Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur.

Sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja

EBA/GL/2017/12

Berglind Helga Jónsdóttir, lögfræðingur

Viðmiðunarreglur um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2017/12)

- Gildissvið
- Mat fjármálafyrirtækja á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna
- Hæfiskröfur stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna
- Fullnægjandi tími til starfa í þágu fjármálafyrirtækis
- Kynning og þjálfun
- Samsetning stjórnar
- Sjálfsmat stjórnar
- Mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna



Gildissvið viðmiðunarreglnanna EBA/GL/2017/12

Viðmiðunarreglurnar innihalda viðmið um framkvæmd hæfismats og hæfiskröfur stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja.

- Fjármálafyrirtæki og eignarhaldsfélög á fjármálasviði
- **Stjórn** (e. management body – supervisory function)
 - Aðalmenn og varamenn í stjórn
- **Framkvæmdastjóri** (e. management body – management function)
 - Einstaklingur sem stjórn fjármálafyrirtækis ræður til þess að standa fyrir rekstri þess í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög eða fjármálafyrirtæki, burt séð frá starfsheiti að öðru leyti.
- **Lykilstarfsmaður** (e. key function holder)
 - Einstaklingur, sem hefur veruleg áhrif á stefnu fjármálafyrirtækis, en er hvorki stjórnarmaður né framkvæmdastjóri. Hugtakið lykilstarfsmaður tekur jafnframt til þeirra sem bera **ábyrgð á innri eftirlitseiningum** og **fjármálastjóra** sem og annarra lykilstarfsmanna sem fjármálafyrirtæki skilgreinir.
 - Einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.



Mat fjármálafyrirtækis á hæfi

- Fjármálafyrirtæki skal tryggja að stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og lykilstarfsmenn uppfylli **á hverjum tíma** þær hæfiskröfur sem gerðar eru til þeirra.
 - Við veitingu starfsleyfis og eftir atvikum við breytingar á þegar veittum starfsleyfum
 - Breyting á stjórnarmönnum eða framkvæmdastjóra
 - Viðvarandi mat á hæfi
- Mat á hæfi, sem og viðvarandi mat á hæfi, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna er fyrst og fremst á **ábyrgð fjármálafyrirtækis**
- Fjármálafyrirtæki skal setja sér stefnu og verklag um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna

Mat fjármálafyrirtækis á hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra

- Fjármálafyrirtæki skal meta hæfi og hæfni **stjórnarmanna og framkvæmdastjóra**
 - Hafi yfir að ráða **þekkingu, hæfni og reynslu** til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt
 - **Hafi gott orðspor, starfi af heiðarleika og heilindum**
 - **Sjálfstæði í hugsun**
- Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu verja **fullnægjandi tíma** í störf sín í þágu fjármálafyrirtækis
- **Samsetning stjórnar** fjármálafyrirtækis skal vera með þeim hætti að stjórnin búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti
- Fjármálafyrirtæki skal verja fullnægjandi fjármunum og mannafla til þess að **kynna starfsemi** fjármálafyrirtækisins fyrir stjórnarmanni og tryggja að hann hljóti viðeigandi **þjálfun** til stjórnarsetunnar

Mat fjármálafyrirtækis á hæfi lykilstarfsmanna

- Fjármálafyrirtæki skal meta hæfi og hæfni **lykilstarfsmanna** fjármálafyrirtækja
 - Hafi yfir að ráða **þekkingu, hæfni og reynslu** til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt
 - **Hafi gott orðspor, starfi af heiðarleika og heilindum.**
- Mat á hæfi lykilstarfsmanna miðar m.a. að því að tryggja eftirlit stjórnarmanna með heildarstarfsemi fjármálafyrirtækis.
- Fjármálaeftirlitið gerir þá kröfu að stjórn skilgreini hvaða stjórnunarstörf teljist til lykilstarfa.



Hæfiskröfur stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna

- **Þekking, hæfni og reynsla** til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt
 - Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og lykilstarfsmenn skulu hafa yfir að ráða reynslu og þekkingu eða hafa lokið námi sem nýtist í starfi.
 - Með hliðsjón af tegund og umfangi reksturs fjármálafyrirtækis og starfsskyldum.
- **Gott orðspor, heiðarleiki og heilindi**
 - Óháð tegund og umfangi reksturs fjármálafyrirtækis.
 - Fjárhagslegt sjálfstæði

Hæfiskröfur stjórnar og framkvæmdastjóra

▪ Sjálfstæði í hugsun (e. independence of mind)

- Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera sjálfstæðir í hugsun til þess að geta með skilvirkum hætti metið, gagnrýnt og haft eftirlit með ákvarðanatöku.
- Mat á hagsmunaárekstrum í samræmi við stefnu fjármálafyrirtækis

▪ Óhæði (e. being independent)

- Fjármálafyrirtæki skal meta óhæði stjórnarmanna. Mat á óhæði í viðmiðunarreglunum er sambærilegt því sem kemur fram í leiðbeiningum Viðskiptaráðs en ekki greinarmunur á „óháður einingunni“ og „óháður stórum hluthöfum“.
- Nægjanlegur fjöldi skal vera óháður (EBA/GL/2017/12)



Fullnægjandi tími til starfa í þágu fjármálafyrirtækis

- Stjórnarmenn skuli verja fullnægjandi tíma til starfa sinna í þágu fjármálafyrirtækis
 - 2. mgr. 91. gr. tilskipunarinnar en ákvæðið er innleitt í 1. mgr. 52. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- Takmörkun á fjölda stjórnarstarfa og framkvæmdastjórastarfa sem stjórnarmenn í kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum
 - Stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja geta einungis:
 - Setið í stjórn fjögurra félaga að meðtalinni stöðu hjá fjármálafyrirtæki eða
 - Sinnt framkvæmdastjórstöðu og setið í stjórn tveggja félaga
- Áform um að lögfesta framangreinda takmörkun með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki
 - [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=120](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=120)



Samsetning stjórnar

- Samsetning stjórnar fjármálafyrirtækis skal vera með þeim hætti að stjórnin búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti
- Markmið að sporna við hjarðhugsun
- Því fjölbreyttari sem stjórn er m.t.t. aldurs, kyns, reynslu og menntunar því betur er hún til þess fallin að sinna hlutverki sínu.

Tilnefningarnefnd

- Fjármálafyrirtækjum, þar sem stjórn hefur ekki aðkomu að vali og skipun stjórnarmanna, er ekki gert skylt að starfrækja tilnefningarnefnd.
- Með starfrækslu tilnefningarnefndar er hluthöfum veitt ákveðnar forsendur til að taka upplýstari ákvörðun og auka líkur á því að stjórn fyrirtækisins hafi til að bera breidd í hæfni, reynslu og þekkingu sem er sérstaklega mikilvægt þegar um kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki er að ræða.

Sjálfsmat stjórnar

- Fjármálafyrirtæki skulu framkvæma mat á samsetningu stjórnar, m.a. með sjálfsmati (e. suitability matrix), sem finna má í Viðauka I
 - Kortleggja þá þætti sem nauðsynlegt er að stjórn hafi í heild sinni
 - Koma auga á úrbótataækifæri og sí-menntun
- Mikilvægt að stjórnir fjármálafyrirtæka meti samsetningu stjórnar með reglubundnum hætti, þar með talið þegar breytingar eiga sér stað á stjórn.
 - Kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki meti árlega
 - Önnur fjármálafyrirtæki meti á tveggja ára fresti
- Fjármálaeftirlitið hefur birt form EBA að sjálfsmati stjórnar á heimasíðu stofnunarinnar
 - <https://www.fme.is/thjonustugatt/mat-a-haefi/>

Kynning og þjálfun stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

- Fjármálafyrirtæki skal verja fullnægjandi fjármunum og mannafla til þess að kynna starfsemi fjármálafyrirtækisins fyrir nýjum stjórnarmanni og framkvæmdastjóra og tryggja að þeir hljóti viðeigandi þjálfun til stjórnarsetunnar
- Stjórn, framkvæmdastjóri og lykilstarfsmenn skulu á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði.
- Viðhalda þekkingu og afla sér nýrrar þekkingar eftir því sem tilefni er til.

Framkvæmd hæfismats – Fjármálaeftirlitið

- Fjármálaeftirlitið skal meta hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og hæfi lykilstarfsmanna kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja
 - Við veitingu starfsleyfis
 - Breyting á stjórnarmönnum eða framkvæmdastjóra
 - Viðvarandi mat á hæfi
- Fjármálaeftirlitið mun ekki meta hæfi lykilstarfsmanna kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja að svo stöddu.
- Ráðgjafanefnd um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja
 - Fjármálaeftirlitið metur að teknu tilliti til umfangs á starfsemi viðkomandi eftirlitsskylds aðila þ.á m. starfsleyfis, reksturs og markaðshlutdeildar hvort óskað verður eftir umsögn ráðgjafarnefndar um hæfi viðkomandi stjórnarmanns.



Framkvæmd hæfismats – Fjármálaeftirlitið

Tilkynningarskylda fjármálafyrirtækis

- Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn eftirlitsskyldra aðila skulu veita skriflegar upplýsingar þegar þeir taka við störfum, við veitingu nýrra starfsleyfa og eftir atvikum við breytingar á þegar veittum starfsleyfum. Jafnframt er farið fram á að framkvæmdastjórar og stjórnarmenn undirriti yfirlýsingu um hæfi.
 - <https://www.fme.is/thjonustugatt/mat-a-haefi/>
- Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrirfram, ef hægt er, um skipan og síðari breytingar á framkvæmdastjóra og stjórn.
- Skila skal skriflegum upplýsingum til Fjármálaeftirlitsins **innan tveggja vikna** frá ráðningu framkvæmdastjóra og eigi síðar en **fjórum vikum** eftir kosningu nýrra stjórnarmanna.
- Verði breytingar á áður veittum upplýsingum sem geta haft áhrif á hæfi aðila ber honum að **tilkynna** það til Fjármálaeftirlitsins án tafar en eigi síðar en **innan tveggja vikna** frá breytingunum, 18. gr. reglna um framkvæmd hæfismats.

Valdheimildir og úrræði Fjármálaeftirlitsins

- Fjármálaeftirlitið getur á hverjum tíma tekið hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna til sérstakrar skoðunar.
- Farið fram á þjálfun eða fræðslu stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.
- Aðila sem uppfyllir ekki hæfisskilyrði er óheimilt að gegna starfi framkvæmdastjóra eða taka sæti í stjórn fjármálafyrirtækis.
- Hafi aðili hafið störf getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að aðili láti af störfum, ýmist tímabundið eða til frambúðar.
- Ef kröfum Fjármálaeftirlitsins er ekki sinnt innan hæfilegra tímamarka getur Fjármálaeftirlitið einhliða vikið aðila frá störfum, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja

EBA/GL/2017/11

Hrafnhildur S. Mooney, sérfræðingur í stjórnarháttum



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Almennt um EBA/GL/2017/11 um innri stjórnarhætti

- › Tóku gildi 30. júní sl á Íslandi og í Evrópu
- › Koma í stað EBA/GL/2011/44 sem voru innleiddar með leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2016 um innri stjórnarhætti (úr gildi)
- › Viðmiðunarreglur EBA eru unnar í samræmi við bæði
 - › G20/OECD Principles of Corporate Governance (2015)¹
 - › Leiðbeiningar Basel nefndarinnar um bankaeftirlit um stjórnarhætti banka(2015)²

¹ <http://www.oecd.org/corporate/principles-corporate-governance.htm>

² <https://www.bis.org/bcbs/publ/d328.htm>



Gildissvið

- › Viðmiðunarreglurnar varða innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækis, þ.m.t.
 - stjórnskipulag og samsvarandi skilgreiningu á hlutverkum og ábyrgð
 - ferla til að bera kennsl á, stjórna, hafa eftirlit með og upplýsa um núverandi og mögulega áhættu
 - innra eftirlitskerfi
- › Viðmiðunarreglunum er ætlað að ná utan um allar tegundir stjórnkerfa og ýta ekki undir eina tegund stjórnkerfis
- › Viðmiðunarreglurnar gera þó ráð fyrir til staðar sé stjórn (e. Non executive) og framkvæmdastjórn (e. Executive) í samræmi við lög í hverju landi.
- › Viðmiðunarreglurnar taka til fjármálafyrirtækis sem einingar og samstæðunnar í heild



Tilgangur og markmið endurútgáfu

Tilgangur

- › Samræma enn frekar innri stjórnarhætti, ferla og verklag fjármálafyrirtækja í Evrópu með hliðsjón af kröfum sem þegar hafa verið settar fram í löggjöf um fjármálafyrirtæki (CRD IV)
- › Taka á veikleikum í innri stjórnarháttum fjármálafyrirtækja sem hafa leitt til mikillar og óviðeigandi áhættutöku í bankakerfinu og um leið aukinnar kerfisáhættu í fjármálakerfi Evrópu og víða um heim.

Markmið

- › Stuðla að því að bæta veikleika í innra eftirliti og styrkja yfirborðskennda stjórnarhætti fjármálafyrirtækja
 - › Bregðast fyrir við hugsanlegum skaðlegum áhrifum lélegra stjórnarhátta, ekki síst við stýringu á áhættu



Skilgreiningar

- › **Stjórn** (e. management body – supervisory function)
- › **Framkvæmdastjórn** (e. management body – management function)
 - Viðmiðunarreglurnar skilgreina „management body in its management function“ sem þá aðila sem fara með daglega stjórn fjármálafyrirtækis, þeas. bæði CEO og meðlimi framkvæmdastjórnar, óháð því hvort framkvæmdastjórn sé skilgreind sem slík í lögum.
- › **Stjórnendur eftirlitseininga** (lykilstarfsmenn skv. EBA/GL/2017/12)
 - Aðilar sem fara með daglega stjórn áhættustýringar, regluvörslu og innri endurskoðunar (eftirlitseiningar eiga að vera sjálfstæðar og óháðar viðskiptaeiningum fjármálafyrirtækis)

Helstu áherslur og breytingar í endurútgáfu

- › Ítarlegri kröfur sem miða að því að
 - stuðla að heilbrigðri áhættumenningu sem er innleidd af stjórn og stjórnendum
 - bæta yfirsýn stjórnar á starfsemi fjármálafyrirtækis
 - styrkja umgjörð áhættustýringar fjármálafyrirtækja (e. risk management framework)
- › „**Know your structure**“ – enn meiri áhersla á að fjármálafyrirtæki tryggi **gagnsæi** í stjórnskipulagi þannig að stjórn og eftirlitsyfirvöldum sé kleift að viðhafa viðeigandi eftirlit
- › Nánari útlistun á hlutverki og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjórnar, t.d á innra eftirliti, áhættumenningu og áhættustýringu
- › Aukin áhersla á ábyrgð móðurfélags á stjórnarháttum í samstæðu
- › Breytt framsetning



Varnarlínurnar þrjár (e. Three lines of defence)

- Mikil áhersla á hlutverk og ábyrgð stjórnar og stjórnenda á innra eftirliti
 - Ítarlegri skilgreiningar á hlutverkum og ábyrgð sem miða að því að tryggja viðeigandi stýringu á áhættu í gegnum varnarlínurnar þrjár



Viðmiðunarreglurnar

- I. Hlutfallsreglan (17-19)
- II. Hlutverk og samsetning stjórnar, framkvæmdastjórnar og undirnefnda stjórnar (20-66)
- III. Umgjörð stjórnarháttar (67-93) (e. Governance framework)
- IV. Áhættumenning og viðskiptasiðferði (94 – 125)
- V. Umgjörð innra eftirlits (innra eftirlitskerfið) (126 – 207)
- VI. Samfelldur rekstur (208 – 213)
- VII. Gagnsæi (214 – 217)

I. Hlutfallsreglan (17 - 19)

- › Viðmiðunarreglurnar miða að því að tryggja að stjórnarhættir fjármálafyrirtækis séu í samræmi við áhættusnið og viðskiptamódel þess, þannig að markmið laga og reglna nái fram að ganga
- › Almennt eiga ákvæði viðmiðunarreglnanna við öll fjármálafyrirtæki með hliðsjón af stærð, eðli og umfangi rekstrar fjármálafyrirtækis.
- › Ítarlegri kröfur eru gerðar til stjórnarháttanna kerfislega mikilvægra aðila en minni aðila.
- › Flest fjármálafyrirtæki, óháð stærð, eðli og umfangi rekstrar, skulu þó uppfylla ákveðnar kröfur, td. um sjálfstæði eftirlitseininga (sjá nánar í kafla V.)



II. Hlutverk og samsetning stjórnar, framkvæmdastjórnar og undirnefnda stjórnar (20-66)

- › Hlutverk, ábyrgð og skyldur stjórnar og framkvæmdastjórnar eiga að vera vel skilgreindar, þar sem gerður er skýr greinarmunur á skyldum framkvæmdastjórnar og stjórnar.
- › Hlutverk og ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjórnar og undirnefnda stjórnar skulu vera skjalfest og samþykkt af stjórn.
- › Stjórn og framkvæmdastjórn eiga að veita hvor annarri fullnægjandi upplýsingar til að gera þeim kleift að sinna hlutverki sínu á viðeigandi hátt.
- › Liður 23 – ítarleg útlistun á hlutverki og ábyrgð stjórnar



III. Umgjörð stjórnarháttanna (67 - 93)

Stjórnskipulag og uppbygging fjármálafyrirtækis (6)

Skipurit (6.1)

- › Stjórn fjármálafyrirtækis skal tryggja að stjórnskipulag fjármálafyrirtækis sé gagnsætt, hæfi starfsemi þess og sé skjalfest með formlegum hætti.¹
- › Skipulagið skal hvetja til og fela í sér skilvirka og varfærna stjórnun fjármálafyrirtækis sem **einingar og á samstæðugrunni**
- › Stjórn skal tryggja sjálfstæði eftirlitseininga og að þær séu **óháðar viðskiptaeiningum sem þær hafa eftirlit með**, þ.m.t. að tryggja viðeigandi aðskilnað starfssviða, **fullnægjandi mannafla og fjármuni og heimildir til að sinna hlutverki sínu.**
- › Boðleiðir og skipting verkefna og ábyrgðar, einkum meðal lykilstarfsmanna, skulu vera skýr, vel skilgreind, samhæfð og eftir þeim farið.

¹ Sjá viðauka 1 um innihald stefnu um innri stjórnarhætti

III. Umgjörð stjórnarháttanna (67 - 93)

Stjórnskipulag og uppbygging fjármálafyrirtækis (6)

Skipurit (6.1)

- › Stjórnskipulag fjármálafyrirtækis á ekki að hindra getu stjórnar til að hafa eftirliti með og stýra áhættu sem fjármálafyrirtækið eða samstæðan stendur frammi fyrir með skilvirkum hætti.
- › Stjórn skal meta hvort og hvernig mikilsháttar breytingar á stjórnskipulagi hafi áhrif á stjórnskipulag fjármálafyrirtækis. (t.d. stofnun dótturfélaga, sameiningar og yfirtökur, sala eða upplausn félaga innan samstæðu, eða ytri aðstæður).
- › Þegar veikleikar koma í ljós, skal stjórn strax grípa til viðeigandi ráðstafana.

III. Umgjörð stjórnarháttar frh.

Stjórnskipulag og uppbygging fjármálafyrirtækis (6)

“Know your structure” (6.2)

- › Stjórn fjármálafyrirtækis skal þekkja og skilja innviði og uppbyggingu fyrirtækisins með tilliti til laga og reglna, stjórnskipulags og rekstrar
- › Stjórn skal jafnframt tryggja að innviðir og uppbygging fjármálafyrirtækis sé í samræmi við viðskiptaáætlun, áhættustefnu og áhættuvilja
- › Stjórn á að vera ábyrg fyrir að samþykkja stefnur og áætlanir fyrir stofnun nýrra eininga (fyrirtækja).
- › Þegar fjármálafyrirtæki stofnar marga lögaðila innan samstæðu, skal fjöldi þeirra, og ekki síður innbyrðis tengsl og viðskipti þeirra á meðal, ekki vera ógn við innri stjórnarhætti þess eða skilvirka stýringu og eftirlit með áhættu samstæðunnar.

III. Umgjörð stjórnarháttar frh.

Stjórnskipulag og uppbygging fjármálafyrirtækis (6)

Flókin strúktúr og óhefðbundin eða ógagnsæ starfsemi (6.3) (nýtt)

- › Fjármálafyrirtæki skal forðast að setja upp flókna og mögulega ógagnsæa strúktúra. Við stofnun þeirra skal meðal annars meta:
 - › hvort starfsemin gæti verið til þess fallin að leyna hver raunverulegur eigandi er.
 - › hvort það sé raunverulegur efnahagslegur eða lagalegur tilgangur.
 - › hvort hann hindri viðeigandi yfirsýn stjórnar og getu til að stýra áhættu.
 - › Hvort hann komi í veg fyrir skilvirkt eftirlit Fjármálaeftirlitins.
- › Fjármálafyrirtæki á ekki að stofna til starfsemi sem hefur ekki skýran efnahagslegan eða lagalegan tilgang eða gæti tengst fjármálasvikum
- › Sömu kröfur eiga við þegar fjármálafyrirtæki setja upp strúktúra fyrir viðskiptavinum og skulu þau greina hvers vegna viðskiptavinir vilja setja upp tiltekinn strúktúr.

III. Umgjörð stjórnarháttar frh.

Stefna um útvistun(8)

- › Stjórn skal samþykkja og endurmeta með reglubundnum hætti útvistunarstefnu og tryggja að viðeigandi breytingar séu innleiddar tímanlega.
- › Útvistunarstefna skal taka til meðal annars:
 - › Áhrifa af útvistun á starfsemi fjármálafyrirtækis og áhættu sem það stendur frammi fyrir (td. rekstraráhættu, laga-, UT-, orðspors- og samþjöppunaráhættu).
 - › **Hvernig eftirliti og upplýsingagjöf skal háttað**, frá upphafi til loka útvistunarsamnings (þ.m.t. samningagerð, innleiðingu, framkvæmd við lok útvistunar, viðbúnaðaráætlun og exit osfrv.)
 - › Að fjármálafyrirtæki ber ábyrgð allri útvistaðri þjónustu og verkefnum.
 - › að útvistun á ekki að hafa áhrif á störf eftirlitsyfirvalda og á ekki að fela í sér takmarkanir á hvernig eftirliti með þjónustu og starfsemi er háttað.
 - › **Að þegar ákvörðun um útvistunaraðila fer fram, skal fjármálafyrirtæki taka tillit til þess hvort viðeigandi reglur/viðmið um siðferði og háttsemi séu til staðar hjá útvistunaraðila.**

III. Áhættumenning og háttsemi

Áhættumenning (9)

- › Sterk og samræmd áhættumenning á að vera lykilþáttur í skilvirkri áhættustýringu fjármálafyrirtækis og á að gera því kleift að taka vel upplýstar ákvarðanir
- › Fjármálafyrirtæki skal þróa áhættumenningu sem er heildstæð og samþætt inn í alla starfsemi þess sem byggir á skilningi, þekkingu og heildrænni yfirsýn yfir þær áhættur sem fjármálafyrirtæki stendur frammi fyrir og hvernig þeim er stjórnað með tilliti til áhættuvilja.
- › Fjármálafyrirtæki skal þróa áhættumenningu í gegnum stefnur, samskipti og þjálfun starfsmanna, strategíu og áhættusnið þess, og ættu samskipti og þjálfun starfsmanna að taka mið af hlutverki starfsmanna í tengslum við áhættutöku og áhættustýringu

Áhættumenning eru þær venjur, viðhorf og hegðun sem tengjast áhættuvitund, áhættutöku og áhættustýringu, ásamt eftirliti sem mótar ákvarðanir um áhættu.



III. Áhættumenning og háttsemi

Áhættumenning (9)

- › Allir starfsmenn eiga að vera meðvitaðir um ábyrgð sína í áhættustýringu fjármálafyrirtækis.
- › **Áhættustýring á ekki að vera bundin við áhættusérfræðinga eða eftirlitseiningar.**
- › **Viðskiptaeiningar** skulu fyrst og fremst bera **ábyrgð á áhættustýringu í daglegri starfsemi** í samræmi við stefnur, verklag og eftirlit, og m.t.t. áhættuvilja og áhættupols.
- › **Sterk áhættumenning á að fela í sér amk. :**
 - a. Tone from the top**
 - b. Ábyrgð (e. Accountability)**
 - c. Skilvirk samskipti og heilbrigða gagnrýni (e. Challenge)**
 - d. Viðeigandi hvata (e. Incentives)**



III. Áhættumenning og háttsemi

Gildi og siðareglur (10)

- › Stjórnendur skulu þróa, samþykkja, fylgja og stuðla að viðmiðum um fagmennsku og gott siðferði (e. High ethical and professional standards) og tryggja innleiðingu þeirra, td. með siðareglum.
- › Stjórnendur bera ábyrgð á fylgni starfsmanna við gildi og siðareglur.
- › Siðareglur ættu að miða að því að draga úr áhættu, einkum rekstrar- og orðsporsáhættu sem getur haft skaðleg áhrif á arðsemi fjármálafyrirtækis með sektum, málskostnaði, tap á vörumerkjum, brotthvarfi viðskiptavina osfrv.

III. Áhættumenning og háttsemi

Gildi og siðareglur (10)

- › Til staðar skal vera skýr og skjalfest stefna um hvernig skal fylgja gildum og viðmiðum um siðferði sem:
 - a. Minnir á að öll starfsemi fjármálafyrirtækis á að vera í samræmi við lög, reglur og gildi fjármálafyrirtækis
 - b. Stuðlar að áhættuvitund í gegnum sterka áhættumenningu (sjá lið 9)
 - c. Leggur fram viðmið og dæmi um hegðun og háttsemi sem er ásættanleg og óásættanleg
 - d. Tekur skýrt fram að til viðbótar því að farið sé að lögum, innri og ytri reglum og stefnum, er ætlast til að starfsmenn séu hreinskilnir og heiðarlegir og sinni skyldum sínum af viðeigandi háttsemi.
 - e. Tryggir að starfsmenn séu meðvitaðir um viðurlög við óásættanlegri hegðun, bæði af hálfu fjármálafyrirtækis og ytri eftirlitsaðila.

Fjármálafyrirtæki skulu skilgreina starfssvið sem ber ábyrgð á eftirliti með fylgni við gildi og siðareglur og metur alvarleika brota og viðurlög við þeim. Niðurstöður skulu tilkynntar til stjórnar.

III. Áhættumenning og háttsemi

Stefna um hagsmunaárekstra fjármálafyrirtækis (11)

- › Stjórn fjármálafyrirtækis ber ábyrgð á að koma á fót, samþykkja og hafa eftirliti með innleiðingu og viðhaldi á skilvirkum stefnum til að greina, meta, stýra, draga úr eða koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem eru til staðar og gætu komið upp innan fjármálafyrirtækis og gagnvart ytri aðilum

Stefna um hagsmunaárekstra starfsmanna (12) (nýtt)

- › Stjórn fjármálafyrirtækis skal einnig setja stefnu um hagsmunaárekstra er varða **einkahagsmuni starfsmanna, þ.m.t meðlimi stjórnar fjármálafyrirtækis og gætu haft neikvæð áhrif á frammistöðu/hæfni þeirra til að uppfylla skyldur sínar og ábyrgð.**
- › Fjármálafyrirtæki skulu taka tillit til hagsmunaárekstra starfsmanna og náinna fjölskyldumeðlima, ekki aðeins núverandi heldur frá fyrri persónulegum og faglegum samböndum.
- › Ef það koma upp hagsmunaárekstrar er varða einkahagsmuni starfsmanna eða stjórnar skal skjalfesta ákvarðanir um viðbrögð, hver svo sem þau eru.
- › **Ítarlegar kröfur um hagsmunaárekstra starfsmanna/stjórnarmanna í 10 liðum (2,5 bls)**



V. Innra eftirlit

Umgjörð innra eftirlits (15)

- › Áhersla á að fjármálafyrirtæki þrói og viðhaldi menningu sem stuðlar að jákvæðu viðhorfi til áhættustýringar og hlýtingar sem grunn að skilvirkri og víðtækri umgjörð innra eftirlits þar sem:
 - Viðskiptaeiningar fjármálafyrirtækis bera ábyrgð á að stýra áhættu sem þær stofna til og hafa eftirlitsaðgerðir sem miða að því að tryggja fylgni við innri og ytri kröfur.
 - Eftirlitseiningar hafa viðeigandi og fullnægjandi heimildir, stöðu í skipuriti og aðgang að stjórn til að gera þeim kleift að sinna skyldum sínum
 - Áhættustýring er til staðar (e. Risk management framework)
- › Umgjörð innra eftirlits á að taka mið af starfsemi fjármálafyrirtækis (flækjustig, áhættuþáttum, samstæða osfrv.),
- › Umgjörð innra eftirlits á að ná yfir **alla starfsemi fjármálafyrirtækis**, þ.m.t. ábyrgð og skyldur stjórnar, starfsemi allra viðskiptaeininga og stoðsviða, innri eftirlitseininga, útvistun og dreifingarleiðir.



V. Innra eftirlit

Umgjörð áhættustýringar (e. Risk management framework) (17)

- › Áhættustýring er mikilvægur þáttur í innra eftirliti fjármálafyrirtækis
 - Áhættustýring varðar allar áhættur og nær yfir allar einingar fjármálafyrirtækis
 - Gerir fjármálafyrirtæki kleift að taka vel upplýstar ákvarðanir um áhættutöku

Eftirlitseiningar (19) (mun ítarlegri útlistun á hlutverkum og ábyrgð en í GL44)

- Áhættustýring (2. varnarlína)
- Regluvarsla (2. varnarlína)
- Innri endurskoðun (3. varnarlína)

V. Innra eftirlit

Sjálfstæði eftirlitseininga

- › Sjálfstæði frá viðskiptaeiningum sem þær hafa eftirlit með. Stjórnandi eftirlitseiningar skal ekki svara til aðila sem ber ábyrgð á starfsemi sem eftirlitseining hefur eftirlit með.
- › Áhættustýring og regluvarsla (2. varnarlína) skulu heyra undir CEO í skipuriti
- › Innri endurskoðandi staðsettur undir stjórn í skipuriti

VI. Samfelldur rekstur

Fjármálafyrirtæki skal gera aðgerðaáætlun um stýringu samfellds rekstrar ásamt endurbótaáætlun (e. Recovery plan) til að tryggja að fyrirtækið geti starfað með samfelldum hætti og takmarkað tap ef kemur til stórfelldrar rekstrartruflunar.

VII. Gagnsæi

Stefnur og verklagsreglur fjármálafyrirtækis skulu settar fram með skýrum hætti og miðlað til starfsmanna innan allra starfseininga fyrirtækisins. Starfsmenn ættu að þekkja stefnur og verklagsreglur er varða störf þeirra og ábyrgð og fylgja þeim.

Spurningar?



Good governance makes us think “we can –but should we?”



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND